Reykjavík 31. október 2025

Stjórnarfundur KAÍ haldinn á skrifstofu KAÍ kl. 12-14.

Mættir: Reinharð, Ronja, Gaukur, Gunnlaugur, Elías og Sigþór og Rut á Zoom.

Anna María boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fjármál
    a. Staðan í dag:
        i. Eigum um 4.000.000 kr í sjóði. Eigum von á um 4.500.000 kr greiðslum frá ÍSÍ til áramóta. Lottó, Ríkisstyrkur og Útbreiðslustyrkur.
        ii. Útistandandi skuldir:
            1. Iðkendagjald 2025: KFR á eftir að greiða.
            2. Þátttökugjöld:
                a. GP3: Afturelding og KFR.
                b. Bikarmót: Breiðablik, ÍR og KFR.
                c. GP3: Breiðabliik, ÍR og KFR.
    b. Gaukur leggur til að farið verði að innheimta mótagjöld í gegnum heimabanka félaganna. Mun fljótlegra en tölvupóstar. Bjóðum upp á þessa lausn í nóvember og verður síðan alfarið tekin upp frá áramótum.
2. Mótamál.
    a. Bikarmót KAÍ 2025 verður haldið í Íþróttahúsi HÍ 2.11 kl. 9.00 - 12.00
    b. ÍMU kumite verður haldið í Íþróttahúsi HÍ 2.11 kl. 13.00 – 17.00.
    c. GP4 verður haldið 23.11 í Egilshöll kl. 9.00 – 16.00
    d. Uppskeruhátíð KAÍ 2025 verður haldin laugardaginn 13. desember í Veislusal Breiðabliks, Smáranum kl. 19.00 - 21.00
    e. RIG26 verður haldið laugardaginn 24.1.2026 í Laugardalshöll. Kl. 09.00 – 17.00.
        i. Ronja lagði til að auglýsa mótið erlendið í stað þess að bjóða keppendum á mótið. Lagt til að kynna það fyrir formönnum á hinum Norðurlöndunum. RR ætlar að senda bulletin á klúbba sem hafa komið á RIG áður.
    f. Gaukur ætlar að leggja til mótaáætlun fyrir vorið á næsta stjórnarfundi.
        i. GP1 í feb, ÍM kata og kumite í mars, GP2 í apríl og ÍMU kata og ÍMB kata í maí.
3. Landsliðsmál.
    a. Verkefni framundan.

        i. Finnish Oprn Cup, í Tampere 8.11. 5 keppendur í kumite auk fararstjóra og þjálfara.
        ii. Amsterdam Cup 20.12. Landsliðið í kata fer á mótið með landsliðsþjálfaranum. Nokkrir keppendur eru einnig á vegum sinna félaga.
        iii. EMU 2026 verður haldið á Kýpur í byrjun febrúar 2026. 1 keppandi í kata hefur verið valinn. Þurfum að fá nöfn keppenda í kumite frá landsliðsþjálfaranum í nóvember til að geta kaypt flug og bókað hótel á viðráðanlegu verði.
    b. Evrópumót Smáþjóða á Kýpur 31. okt -2. nóv. 2025.
        i. Hætt var við að taka þátt í mótinu með stuttum fyrirvara. Ástæður þess voru að ákvörðun um þátttakendur komu seint frá landsliðsþjálfurunum og flug voru orðin óviðráðanlega dýr fyrir sambandið. Heildarkostnaður við ferðina hefði sett sambandið í mínus og ekki hefði verið hægt að undirbúa næstu verkefni. RR bar ákvörðunina undir formann landsliðsnefndar, gjaldkera sambandsins og báða landsliðsþjálfarana áður en tilkynning þess efnis var send út á keppendur og aðra sem voru skráðir i ferðina.
4. Önnur mál
    a. BM og ÍMU í kumte var flýtt um viku til að koma Finnish Open Cup að fyrir kumite keppendur úr landsliðinu. Ákveðið að reyna að breyta ekki dagsetningum eftir að þær hafa verið festar niður og auglýstar.
    b. Ákveðið að ekki væri ástæða til að breyta nefndarskipan í landsliðsnefnd. Ný nefnd verður skipuð að nýrri stjórn eftir næsta karateþing í febrúar.
    c. Auka þarf upplýsingar frá nefndum til stjórnar og félaganna.
    d. Einnig þarf að svara póstum og skilaboðum sem berast til sambandsins og vísa þeim sem þurfa að fara fyrri stjórn, þangað til umfjöllunar.
    e. Dómaranefndin stendur fyrir dómaranámskeiði í kata 19. nóvember kl. 18.00 – 21.00 í C-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal. Kristján Ó. Dvíðsson sér um námskeiðið.

Fundi slitið 13.45.

RR